

10. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn þann 20. júní 2017, kl. 20:00, á Kirkjubæjarstofu.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu undirritaðir fundarmenn. Þuríður Benediksdóttir boðaði forföll og í hennar stað mætti Gústaf Pálsson.

Einnig mætti á fundinn Eirný Valsdóttir, verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar.

Dagskrá:

1) Mótun á reglum um leiguhúsnæði á almennum markaði í eigu Skaftárhrepps, skv. beiðni sveitarstjórnar.

Lögð fram drög að reglum um úthlutun á leiguhúsnæði í eigu Skaftárhrepps (sjá fylgiskjal). Nefndin kemur til með að vinna áfram með regludrögin eftir umfjöllun og athugasemdir sveitarstjórnar og í kjölfar þess senda þær lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til yfirlesturs. Að því loknu mun atvinnumálanefnd gera lokatillögu til sveitarstjórnar að reglum þessum.

2) Önnur mál.

- a) Verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar segir frá því að úttekt á ríkisjörðum í Meðallandi verði framkvæmd í byrjun júlí. Úttektin fer fram í samvinnu við VSÓ ráðgjöf í umboði fjármálaráðuneytis.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30.

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Sveinn Hreiðar Jensson (sign)

Gunnar Pétur Sigmarsson (sign)

Gústaf Pálsson (sign)